

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb.
16. des. 2011
10.5.3
Tilv.



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. desember 2011

Tilvísun: UST20111200050/b5

Akureyrarflugvöllur, gerð flughlaðs -Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 7. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfissáhrifum.

Tilkynnt var um fyrirhugaða framkvæmd flughlaðs (áfanga A1 og A2) til Skipulagsstofnunar 2007 ásamt lengingu flugvallar. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var sú að fyrrnefnd framkvæmd væri ekki líklega til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Sú framkvæmd sem hér um ræðir nær til flughlaða A1 og A2 og auk þess staðsetningu rotþróar og gerð plans fyrir olíuskiljur norðan flughlaðs.

Helstu neikvæð áhrif framkvæmdarinnar eru í greinargerð talin verða á landslag og ásýnd, gróður og fugla.

Við framkvæmdina munu hreiðurstæði æðarfugls og stormmáfs verða fyrir áhrifum vegna fyllingar. Einnig kemur fram í greinargerð að hugsanlegt er að ný hreiðurstæði skapist við jaðar fyllingarinnar.

Um 3,2 ha af leirum mun skerðast við fyrirhugaða framkvæmd.


Umhverfisstofnun bendir á að leirur eru meðal þeirra jarðmyndana og vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Ekki kemur fram í tilkynningaskýrslu að leitast hafi verið við að takmarka röskun á leirum og telur Umhverfisstofnun mikilvægt að ákvæði fyrrnefndrar lagagreinar sé virt.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er hluti svæðis nr. 510 á náttúrumínjaskrá **Hólmarnir**.

Náttúruverndargildi svæðisins er talið vera: *Marflöt flæðilönd, árhólmar, kvíslar og leirur. Mikið fuglalíf, sérstætt gróðursfar.* Fyrirhuguð framkvæmd mun hafa neikvæð áhrif á náttúruverndargildi fyrrnefndis svæðis.

Niðurstaða: Umhverfisstofnun telur að færa megi rök fyrir því að fyrirhuguð framkvæmd ein muni vart hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Hins vegar telur stofnunin tímabært að kannað verði hver áhrif ýmissa ólíkra framkvæmda hafa verið á ósasvæði Eyjafjarðarár og lífríki þess. Má þar nefna fyrri framkvæmdir við flugvöllinn, efnistaka og vegagerð og hvaða áhrif þær framkvæmdir hafi haft á svæðið í heild sinni.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir


Björn Stefánsson